



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

FATA1SH05

Kennari	Elísabet Kristófersdóttir, elisabet.kristofersdottir@fss.is		
Viðtalstími	Föstudagar 10:25-11:20		
Námsefni	Efni frá kennara: Nemendur fá efni í prufur, allan pappír í snið, hugmyndabók og plastvasa. Svartan og hvítan tvinnu. Efnisgjald er 4500 kr. Nemendur kaupa sjálfir efni í sínar flíkur. Efnaverslanir veita 10-15% afslátt til nemenda en þessar verslanir eru í Reykjavík. Kennari verður einnig með efni sem hægt er að kaupa á önninni á 3000 kr meterinn og fjármálastjóri rukkar nemendur í lok annar. Kennari skaffar tískublöð og snið.		
Áfangalýsing	Nemendur læra á saumavél. Fjórar prufur verða saumaðar á önninni. Einföld sniðagerð. Nemendur velja sér síðan verkefni sem þá langar til þess að sauma.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi og verða verkefnin metin eftir erfiðleikastigi. Einkunnagjöf fer ekki eftir fjölda verkefna. Fagbókleg verkefni, prufur og lítið próf. Ákveðnum verkefnum þarf að skila fyrir miðannarmat og svo í lok annar. Nemendur fá stoðdag til þess að vinna upp verkefni.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Poki	10%	
	Tímapróf - snið	5%	
	Hugmyndabók – skila inn vikulega	10%	
	Prufur	10%	
	Saumur og snið	35%	
	Virgni í tímum	10%	
	Vinumappa	10%	
Sjálfstæð vinnubrögð	10%		
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að fylgjast með mætingu sinni á Innu. Einungis er gefinn einn sólarhringur til þess að gera athugasemdir við mætingarskráningu. Mikilvægt að mæta vel og vera snöggur að koma sér að verki.		

Grunnpættir menntunar	Læsi í fatahönnun felur í sér að nemendur læra að lesa í form, liti, snið og tísku ásamt því að tjá hugmyndir sínar á skapandi hátt með skissum, sniðagerð og saumaskap. Þeir efla sjónrænt læsi, sköpunargáfu og hæfni til að þróa og miðla eigin hönnun.
	Sjálfbærni í fatahönnun felur í sér ábyrga nýtingu efna, endurvinnslu og minni sóun. Nemendur læra um áhrif tísku á umhverfi og samfélag og þjálfast í að taka meðvitaðar og skapandi ákvarðanir í hönnunarferlinu.
	Heilbrigði og velferð í fatahönnun felur í sér jákvætt og skapandi vinnuumhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi, vellíðan, góða líkamsbeitingu og sjálfstraust nemenda.
	Lýðræði og mannréttindi í fatahönnun felast í því að nemendur læra að virða ólíkar hugmyndir, vinna saman og taka ábyrgð á eigin námi og sköpun. Áhersla er lögð á jafnræði, virðingu og að allir fái tækifæri til að tjá sig og þróa eigin stíl og hugmyndir.
	Jafnrétti í fatahönnun snýst um að allir nemendur hafi sömu tækifæri til að nýta hæfileika sína og tjá sig á sinn hátt. Lögð er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og jafnræði í bæði námi og skapandi vinnu, óháð kyni, uppruna eða getu.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • uppbyggingu grunnsniða • heiti sniðhluta, þráðréttu og mikilvægi merkinga • notkun grunnsniða • saum á einföldum flíkum • verklýsingum og flötum teikningum • saumtækni • efnismagni • vönduðum vinnubrögðum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna ýmsar sniðútfærslur út frá grunnsniðum • nota heiti sniðhluta og nota merkingar • útfæra og sauma flíkur eftir málum • fara eftir verklýsingum • geta sett hugmyndir sínar á blað • leggja snið á efni þannig að þráðlína sé rétt og efnið nýtt
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vinna sjálfstætt einfaldar sniðútfærslur út frá grunnsniðum • sauma einfaldar flíkur eftir grunnsniðum og eigin útfærslum • vinna eftir verklýsingum • ákveða efnismagn • temja sér vönduð vinnubrögð	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Hugmyndabók	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	- Kynning á áfanganum - Læra á saumavélar - prufur - Taka upp snið á poka - Sauma poka	Nemendur taka upp snið og sauma poka.
2. vika 24.-28. ágúst	- Sauma poka - Merkja og skreyta poka - Nemendur gera verkefnamöppu, skreyta forsíðu – sjá sýnishorn	
3. vika 31. ágúst-4. september	- Máltaka - Hnappagöt- prufa - Faldur ein og tvístunga – prufa - Moodboard- sjá sýnishorn - Velja verkefni	Farið yfir val á verkefnum og kennari reynir að útvega efni sem óskað er eftir.
4. vika 7.-11. september	- Finna snið - Taka upp snið	Nemendur skila í byrjun viku: Poka, tveimur prufum. Nemendur fá einn stoðdag til þess að vinna upp verkefni.
5. vika 14.-18. september	Saumur	
6. vika 21.-25. september	Saumur	
7. vika 28. september-2. október	Saumur	Skila inn fyrstu flík í lok viku.
8. vika 5.-9. október	Endurnýting/viðgerð – 2-3 flíkur	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	- Snið og brjóstsaumur ¼ skali - Próf í sniðsaum - Sjálfsmat - Stoðdagur föstudagur	Stoðdagur Tímapróf/ ekki hægt að vinna í heima.
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Saumur – ný flík (nr2)	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Prufa/rennilás Prufa/kragi - Saumur	
12. vika 2.-6. nóvember	Saumur	
13. vika 9.-13. nóvember	Saumur	
14. vika 16.-20. nóvember	Saumur (ath flík 3)	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Frágangur	Sniðum, möppu, hugmyndabók og prufum skilað
16. vika 30. nóvember-4. desember	Pálínuboð og frágangur	Sniðum, möppu, hugmyndabók og prufum skilað

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Elísabet Kristófersdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja